



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
postur@uar.is

Reykjavík, 22. mars 2017

Efni: Umsögn um drög að 6. breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Vísað er til draga að breytingu á byggingarreglugerð, og skoðunarhandbók sem þar er sett fram í viðauka, sem birtust á vefsíðu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þann 6. mars síðastliðinn (hér eftir nefnd „**drögin**“). Eftirfarandi eru athugasemdir Samtaka iðnaðarins (hér eftir „**SI**“ eða „**samtökin**“) við drögin.

SI fagna því að unnið sé að samræmingu verklagsreglna fyrir öll byggingarfulltrúaembættin. Að mati samtakanna hefði þó verið æskilegra að ráðast í breytingar á reglugerðinni að undangengnum nauðsynlegum breytingum á lögum um mannvirki sem, skv. upplýsingum SI, er nú þegar verið að vinna að á vegum ráðuneytisins. Auk þess eru SI þeirrar skoðunar að skort hafi á samtal ráðuneytis og hagsmunaaðila í aðdraganda birtingar draganna.

Drögin fela í sér að skoðunarhandbók er sett fram sem nýr viðauki II við reglugerðina en samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 ber útgefanda byggingarleyfis, skoðunarstofum og byggingarstjórum að nota slíka handbók við úttektir og eftirlit. Í drögunum er einnig kveðið á um skoðunarlista, stoðrit og leiðbeiningar sem verða aðgengilegar á vefsíðu Mannvirkjastofnunar. SI telja bagalegt og ekki til eftirbreytni að drög að endanlegum skoðunarlistum og leiðbeiningum skuli ekki hafa verið birt samhliða birtingu draganna enda ljóst að skoðunarlistarnir mæla fyrir um hvaða þættir koma til skoðunar hverju sinni, sbr. gr. 1.2. skoðunarhandbókarinnar í viðauka II við drögin, auk þess sem skoðunarmaður skal, við mat á einstökum þáttum, styðjast við leiðbeiningar og stoðrit Mannvirkjastofnunar.

Drögin mæla fyrir um breytingar á 3. hluta reglugerðarinnar, sem fjallar um faggildingu, eftirlit og úttektir, til samræmis við áður nefnd ákvæði um skoðunarhandbók og skoðunarlista. SI leggja sérstaka áherslu á að nauðsynlegt sé að fresta gildistöku ákvæða mannvirkjalaga og reglugerðarinnar um faggildingu Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa, sbr. 2. bráðabirgðaákvæði laganna, sem og faggiltar skoðunarstofur, eða fella þau alfarið niður. Ástæðurnar eru þessar helstar:

- i. Mannvirkjageirinn er á engan hátt tilbúinn fyrir þessa breytingu, hvorki framkvæmdaaðilar, hugsanlegar „faggiltar skoðunarstofur“ né leyfisveitendur byggingarleyfa.
- ii. Mikil þörf er á auknu framboði íbúðarhúsnæðis á næstu misserum og árum og er hætt við að ákvæði laga um mannvirki sem kveða á um aðkomu faggiltra skoðunarstofa verði íþyngjandi og tefji verkefni. Fyrirséð er að flækjustigið verði óhóflegt meðan nýtt fyrirkomulag eftirlits er að þroskast og verða til. Ennfremur er útlit fyrir að einungis örfáir aðilar muni teljast hæfir til að öðlast faggildingu sem skoðunarstofa ásamt því að kröfur til að öðlast faggildingu eru óljósar. Þá hefur enginn, samkvæmt upplýsingum SI, óskað eftir að öðlast faggildingu skoðunarstofu enn sem komið er.



- iii. Hætt er við að þetta fyrirkomulag leiði til hærri framleiðslukostnaðar á sama tíma og öllum árum er róið að því marki að lækka slíkan kostnað.

Þá gera SI eftirfarandi athugasemdir við efni skoðunarhandbókarinnar sem lögð er fram með drögunum:

- i. Drög að tillögum Mannvirkjastofnunar að skoðunarhandbókum hafa verið aðgengilegar um nokkurt skeið á vefsíðu stofnunarinnar. Sem fyrr segir telja SI verulega bagalegt að drög að endanlegum skoðunarlistum, stoðriti og leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar hafi ekki verið birt samhliða drögunum en séu fyrrnefndar tillögur Mannvirkjastofnunar vísbending um hvernig fyrrgreindum hliðsjónargögnum verði hagað, telja SI einfaldlega að skoðunarhandbókin gangi allt of langt hvað varðar yfirferð hönnunargagna. Mikilvægt er að úttektaraðilum séu settar skýrar reglur um yfirferð hönnunargagna en þær reglur mega þó ekki leiða til þess að gerðar séu óþarflega miklar kröfur af hálfu úttektaraðila í smærri verkframkvæmdum. Slíkt leiðir til óþarfa kostnaðar og vinnu. Í þessu samhengi telja SI mikilvægt að gerðar verði mismunandi kröfur, eftir umfangi verks, varðandi yfirferð hönnunargagna. Jafnframt leggja SI til að gr. 2.4.1 í byggingarreglugerð verði breytt með það fyrir augum að rýmka heimild til skila á hönnunargögnum með rafrænum hætti.
- ii. SI fagna því að skoðun hönnunargagna skuli vera sjónskoðun en merking þess þarf að vera skýrari. Þá fagna SI því að sérstaklega sé tekið fram í skoðunarhandbókinni að skoðunarmanni sé hvorki ætlað að endurreikna né endurhanna verk, sbr. 4. mgr. greinar 2.2.

Að framangreindu sögðu þá telja SI jákvætt að verið sé að vinna að endurbótum á þessu sviði. Mikilvægt er þó að settar séu skýrar og auðskiljanlegar reglur sem ekki eru til þess fallnar að skapa óþarfa vinnu. Slíkt leiðir einfaldlega til aukins byggingarkostnaðar. Því er mikilvægt að framkvæmt verði kostnaðarmat á áhrifum skoðunarhandbókar á markaðinn sem og uppbyggingu og byggð á landsbyggðinni. Að auki þarf að meta áhrif handbókarinnar á afgreiðslutíma byggingarfulltrúa og aukinn kostnað við útgáfu byggingarleyfa en ekki liggur fyrir hver muni bera þann kostnað, þ.e. ríkið, sveitarfélög eða umsækjendur byggingarleyfa.

Í ljósi alls framangreinds telja SI að fresta eigi útgáfu þessara draga að 6. breytingu á byggingarreglugerð þar til endurskoðun á lögum um mannvirki hefur farið fram. Framangreint á ekki síst við með hliðsjón af því hvernig umrædd drög hafa verið unnin, þ.e. alfarið án samráðs við hagsmunaaðila, og fyrir liggur að breytingar á lögum um mannvirki eru í vinnslu í ráðuneytinu, sem mun vonandi taka tillit til ábendinga SI, þ.á.m. þeirra sem að framan greinir.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Árni Jóhannsson,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs

Friðrik Ágúst Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingariðnaðar